



# Borgarstjórinn í Reykjavík: greinargerð 13. júlí 1944 um eignarhald og framkvæmdir við Sogvirkjanirnar einkum Ljósavatnsstöðina, einnig Elliðaárstöðina og almennt um rafmagnsnotkun og framleiðslu

Bjarni Benediktsson – Borgarstjórinn í Reykjavík: greinargerð 13. júlí 1944 um eignarhald og framkvæmdir við Sogvirkjanirnar einkum Ljósavatnsstöðina, einnig Elliðaárstöðina og almennt um rafmagnsnotkun og framleiðslu

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Stjórnámálamaðurinn  
Askja 2-8, Örk 6

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Borgarstjórinn í Reykjavík

Reykjavík, 13. júlí 1944.

BB/GP.

Gjörð svo vel að auðkenna öll bréf viðvíkjandi þessu máli þannig:

Mannvirki það, sem nú er verið að ljúka, er hluti af Sogsvirkjuninni, sem er eign Reykjavíkurbajar. Ríkið hefir þó styrkt bæjarfélagið til að koma virkjuninni á, enda er bæjarfélaginu skylt að landslögum að selja þeim, er þess geta notið, rafmagn frá virkjuninni. Gat og eftir lögnum um virkjun Sogsins komið til greina, að ríkið annaðist þá viðbótarvirkjun, sem nú hefir verið framkvæmd, en Reykjavíkurbær ekki. Samkomulag varð þó um það við þáverandi atvinnumálaráðherra Ólaf Thors, er virkjunin var ráðin 1941, að bærinn framkvæmdi hana, og hefir framkvæmdin síðan verið studd af ríkisvaldinu eftir því, sem á hefir reynt, þ.á.m. með veiting ríkisábyrgðar fyrir nauðsynlegu lánsfé, svo sem lög<sup>váð-</sup>gera, og veitti núverandi fjármálaráðherra ábyrgðina. Alla þessa fyrirgreiðslu þakka ég af bæjarfélagsins hálfu.

Framkvæmd verksins hefir mest mætt á rafmagnsstjóra Steingrími Jónssyni og aðstoðarmönnum hans. Silgdi rafmagnsstjóri m.a. í þessu skyni til Bandaríkjanna haustið 1941 og ávaldi þar fram á árið 1942. Framkvæmdir hér á landi hófust eigi fyrr en vorið 1943 og hefir orðið lengri dráttur á þeim en ráðgert var, en nú er þeim að verða farsællega lokið.

Þegar Elliðaárstöðin byrjaði 1921 var afl hennar einungis 1000 kw.

Afl Elliðaárstöðvarinnar var síðan smám saman aukið upp í 3200 kw.

Er Ljósafossstöðin tók til starfa 1935 þáttust við 8800 kw.

Með virkjun þeirri, sem nú er að verða lokið, þáttast enn við 5500 kw.

Ræður þá Rafmagnsveita Reykjavíkur og Sogsvirkjunin, sem á henni er bygð, yfir samtals 17500 kw.

Í fljótu bragði ber e.t.v. eigi mikið á hinn nýju virkjun, þegar að Ljósafossi er komið. Viðbótavirkjunin er þó annað mesta rafmagnsvirki, sem gert hefir verið hér á landi. Enda hefir hún sjálf kostað h.u.b. 6 millj króna. Og í sambandi við hana hefir innanbajarkerfið í Reykjavík verið aukið fyrir h.u.b. 7 millj. króna. Af kostnaðinum hafa 11,4 milj. verið teknar að láni og er það fyrir milligöngu Landsbankans.

Mesta rafmagnsvirkjunin er enn frumvirkjun Ljósafoss.

Aðrar rafmagnsvirkjanir á landi hér eru miklu minni.

Næst kemur Akureyri, sem nú er að láta bæta 2700 kw. við Laxárfossavirkjun sína og hefir þá alls 4600 kw. og er það hlutfallslega mjög mikið, enda að verulegu leyti atlað til hitunar.

Skeiðfossvirkjun þeirra Siglfirðinga er ekki nema 1600 kw. Og afl Ísafjarðarstöðvarinnar verður eftir aukningu 900 kw.

Það er því ljóst, að miðað við aðrar rafmagnsstöðvar hér á landi er þessi 5500 kw. aukning á Ljósa fossstöðinni mikið mannvirki.

Aukningin er að vissu leyti enn meiri en sýnist, því að samtímis henni er verið að ljúka við Hitaveituna, sem er slíkur hitagjafi, að samsvarar a.m.k. 30 000 kw., ef rafmagn hefði þurft til framleiðslu þeirrar orku.

Þrátt fyrir þetta er ljóst, að rafmagnsviðbótin nú verður eigi fullnægjandi nema tiltölulega skamma hríð.

Rafmagnsskortur hefir verið tilfinnanlegur síðustu ár. Orsakir hans verða eigi raktar hér. Rafmagnsstjóri hefir nokkuð rakið ástæður fyrir dráttinum á, að bæta úr þessu. Drátturinn hefir vissulega valdið miklu tjóni og verið óþægilegur, en þó sýnist þeim, er til þekkja, að sumir hafi eigi sem skyldi haft í huga þá erfiðleika, er slíkum framkvæmdum fylgja á stríðstímum. Þegar raunar er merkilegra, að yfirleitt skuli unt, að ráðast í þvílíkar framkvæmdir, heldur en þótt sitthvað gangi stíðlegar en björtustu vonir standa til.

Hvað sem um það er, þá er ljóst, að brýn þörf er mjög bráðlega á stórfeldri raforkuaukningu fyrir Reykjavík og þá landshluta, sem Sogsvirkjunin tekur til.

Nauðsyn þessa kemur þegar af hinni sífeldu fjölgun íbúa Reykjavíkur og aukningu margskonar framkvæmda þar, sem byggjast á raforku. Þá hefir það lengi verið ráðgert, að þau þegarhverfi, sem eigi fá notið hitaveitunnar, fengi rafmagnshitun. Enn er eigi, og verður ekki, þrátt fyrir þessa aukningu, afl til að fullnægja þessari hitunarþörf. En að því ber að vinna, svo geti sem allra fyrst orðið. Þá hefir reynslan og sannað, að mikið liggur við, þegar svo margt er undir rafmagni komið, að hæfileg varastöð sé til, ef hinn venjulegi aflgjafi truflast um sinn. Í sambandi við hitaveituna mundi og vafalaust þörf á stöð, sem hlaupið gæti undir bagga með hitun í óvenjulegum kuldum.

Fyrir öllu þessu og öðrum fróðleik það varðandi hefir rafmagnsstjóri Steingrímur Jónsson gert rækilega grein í ítarlegri skýrslu um viðbótarvirkjun fyrir Reykjavík, er hann hefir einmitt gengið frá þessa dagana. Framtíðarlausnin verður eflaust áframhaldandi virkjun Sogsins og þá semnilega neðri fossanna fyrst. En sem millistigi stingur rafmagnsstjóri upp á eimtúrbinustöð við Elliðaárna, sem framleitt geti 26 000 kw. og á að kosta 15 milj. kr. Etti að reyna að láta hana verða til haustið 1946.

Út í þá sálma get'eg þó eigi farið að sinni, enda verður ákvörðun um það tekin af réttum aðilum á sínum tíma.

Það yfirlit, sem ég hefi ~~þá~~ gefið um þá rafmagnsaukningu, sem nú er að fást, og vöxt þeirrar raforku, sem Reykjavíkurbær ræður yfir, alt frá 1921, er Elliðaárstöðin fyrst tók til starfa, og þær framtíðarráðagerðir, sem nú eru undirbúnar, sanna enn hið fornkeðna, að mjór er mikils vísir.

Mikið er enn ógert en miklu hefir þó verið áorkað. Og alt það, sem gerst hefir frá því, að Elliðaárstöðin tók til starfa, hefir verið gert í rafmagnsstjórnatið Steingríms Jónssonar, sem enn er meðal vor á bezta aldri. Hann hefir veitt Rafmagnsveitunni og (~~Sogsveitunni~~) Sogsveitunni forstöðu frá fyrstu tíð af lærdómi, samvirkusemi og óeigingirni, og honum ásamt öðrum starfsmönnum fyrirtækjanna ber að þakka, hversu alt hefir farið heppilega úr hendi í heild, þrátt fyrir alla þá öröugleika, sem á vegi hafa orðið, og misjafnlega fljótt hefir tekist að leysa.

Með því, sem nú þegar hefir verið framkvæmt til rafmagnsöflunar úr Sogi- og Elliðaá, hefir verið skapaður einn veigamesti þátturinn í allri vellíðan og afkomu Reykvíkinga og lagður grundvöllur að varanlegum framförum á ókominum árum.